

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

08.03.2022
2022-01-4/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 1. áfanga


Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 1. áfanga. Umsagnafrestur er til 9. mars 2022. Tillagan gerir ráð fyrir biðskýli og aðstöðu fyrir vagnstjóra við nýja endastöð Strætó á Ásvallabraut við Nóntorg.

Landsnet vekur athygli á að *Hnoðraholtslína 1*, sem er 132 kV jarðstrengur á vegum fyrirtækisins, liggur í gegnum skipulagssvæðið. Landsneti barst ekki beiðni um umsögn um tillögu að breytingu deiliskipulagsins. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Hnoðraholtslína 1 er ekki sýnd á deiliskipulagsupprætti og engin umfjöllun er um hana eða þær kvaðir sem gilda um helgunarsvæði hennar. Landsnet bendir á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulínunnar.

Í tillögunni er gert ráð byggingarreit fyrir aðstöðu vagnstjóra ásamt biðskýli og hljóðveggjum. Afstaða þessara mannvirkja til háspennustrengsins er ekki ljós. Landsnet leggur á það áherslu að við skipulagningu svæðisins verði tekið fullt tillit til legu línunnar. Í deiliskipulaginu þarf að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem gilda um helgunarsvæði hennar. Ákvæði þurfa að vera skýr þar sem um að ræða mikilvæga flutningsleið raforku. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðið til að tryggja örugga afhendingu. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri línunni.

Áhrifasvæði jarðstrengs miðast við öryggissvæði, en ekki er um formlegt helgunarsvæði að ræða. Öryggissvæðið tekur mið af skurðbreidd strengs og innan þess eru allar framkvæmdir bannaðar. Meðfylgjandi er þversnið sem sýnir breiddir framangreindra svæða, sem samanlagt er 11 m.



Takmarkanir eru um landnotkun innan svæðanna sbr. eftirfarandi:

Öryggissvæði:

- Byggingarbann gildir.
- Öll röskun er óheimil að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi.
- Hafa þarf samráð við Landsnet um lagningu hvers kyns lagna- eða vegslóða sem þvera strengleið.
- Plöntun hvers kyns trjágróðurs er óheimil.
- Rætur trjágróðurs mega ekki ná inn á svæðið.
- Óheimilt er að reka niður girðingastaura innan svæðis.

Athafnasvæði:

- Byggingarbann gildir.
- Öll röskun lands að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi þarf að vera í samráði við Landsnet.
- Þar sem girðingar þvera strengleiðina, eru girðingastaurar heimilir innan athafnasvæðisins í samráði við Landsnet.
- Plöntun trjáplantna með djúpstæðar og/eða ágengar rætur er óheimil, t.d. aspir, greni, lerki og furur.
- Aðgengi til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggt en umferð tækja til viðgerða í bilanatilfellum er í samráði við landeigenda/lóðarhafa.

Landsnet leggur áherslu á að þegar kemur að hönnun svæðisins verði haft samráð við fyrirtækið varðandi svæðið nærri strengnum. Einnig er lögð áhersla á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni strengsins verði í fullu samráði við Landsnet.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson